

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1972.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í Bretlandi og nokkrum öðrum löndum á meginlandi Evrópu, vill ráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11 1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt tédum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum svo eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sótthreinsaðar erlendis, og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á fóðurvörum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu að viðlögðum drengskap gefa yfirlýsingu um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. desember 1972.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

## 1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, gert eftirfarandi breytingar á reglum um stöðumæla nr. 185/1966.

8. gr. orðist svo: „Skylt er að greiða fyrir afnot stöðumælareita. Gjaldskylda